

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, fimmtudaginn 17. september 2015, kl 8.15, haldinn á Ísafirði.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar 10. september 2015
Lögð fram fundargerð fundar frá 10. september 2015. Fundargerð hafði áður verið send út í tölvupósti en lögð fram til staðfestingar. Fundargerð samþykkt.
2. Þjónustusamningur við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Í samræmi við samþykkt fundar stjórnar frá 10. september s.l., lagði framkvæmdastjóri lagði fram drög að endurnýjuðum þjónustusamningi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða um atvinnu og byggðaþróun. Sett er inn nýtt ákvæði um að félagið setji sér siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn félagsins en að öðru leyti byggir samningurinn á ákvæðum eldri samnings.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja fyrirbyggjandi drög og fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við félagið. Tillagan samþykkt.

3. Sóknaráætlun Vestfjarða,
 - a. Reykhólahreppur, nýr fulltrúi í samráðsvettvangs sóknaráætlunar
Framkvæmdastjóri kynnti að Reykhólahreppur hefði sett Finn Árnason í samráðsvettvang í stað Maríu H Maack, en hún víkur úr samráðsvettvangi vegna nýs starfs hennar hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.
 - b. Skipan framkvæmdaráðs samráðsvettvangs sóknaráætlunar
Með vísan til fundar stjórnar 10. september s.l., kynnti framkvæmdastjóri tilnefningar þriggja sveitarfélaga, Bolungarvíkurkaupstaðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar til framkvæmdaráðs samráðsvettvangs. Á grundvelli þessara tilnefninga gerði formaður tillögu um skipan sjö manna framkvæmaráðs.

Dóra Hlín Gísladóttir, Ísafjarðarbæ (formaður), Eiríkur Valdimarsson, Strandabyggð, Finnur Árnason, Reykhólahreppi, Gerður Sveindóttir, Vesturbyggð, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað, Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og Þorsteinn H Þorsteinsson, Súðavíkurhreppi.
Tillagan samþykkt.

- c. Fundur stýrihóps 17. september 2015.

Formaður, verkefnastjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál, eiga fund síðar í dag á Ísafirði, með stjórn og starfsmönnum FV auk framkvæmdastjóra Atvest. Á dagskrá er annars vegar að kynning FV á greinargerð sóknaráætlunar landshlutans, þremur áhersluverkefnum og tengslum þar á milli. Í framhaldinu mun stýrihópurinn fara yfir ábendingar /

athugasemdir við einstaka þætti áætlunarinnar og verkefnanna. Hinsvegar er efni fundarins að fara almennt yfir framkvæmd sóknaráætlunar, ný lög um byggðáætlun og sóknaráætlun og tengingu þessarar tveggja áætlana.

4. Undirbúningur 60. Fjórðungsþings Vestfirðinga
a. Dagskrá þingsins

Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá 60. Fjórðungsþings. Dagskrá þingsins verða samkvæmt samþykktum sambandsins. Mál þingsins verði umfjöllun um málaflokk fatlaðs fólks og staða framhaldsskólans auk þess sem unnið verði í stefnumörkun sambandsins. Lagt síðan til að dagskrá er varðar BsVest verði færð til laugardags. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá dagskrá og senda út til aðildarsveitarfélaga.

b. Ársreikningur 2014.

Á grunni umræðu stjórnarfundar 10. sept lagði framkvæmdastjóri fram að nýju ársreikning 2014 með skýringum. Formaður gerði að tillögu að stjórn staðfesti ársreikning og vísi til 60. Fjórðungsþings. Tillagan samþykkt.

c. Breyting samþykktar FV

Á grunni umræðu stjórnarfundar 10. sept lagði framkvæmdastjóri fram tillögu að breytingum á samþykktum FV. Formaður gerði að tillögu að samþykkja áorðnar breytingar og leggja fyrir 60. Fjórðungsþing. Tillagan samþykkt.

5. Stefnumótun

Mætt til fundar starfsmenn FV, Díana Jóhannsdóttir, Jón Jónsson og Lína Björg Tryggvadóttir.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að stefnumörkun FV og um forgangsörðun verkefna. Rætt um efni tillagna og framkvæmdastjóra falið að vinna þær áfram á grundvelli umræðu á fundinum.

6. Skipan fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Vestfjarða.

Framkvæmdastjóri kynnti bréf Félags- og húsnæðismálaráðherra dags. 16. apríl 2015. Bréfið varðar skipan fulltrúa að hálfu sambandsins í svæðisbundið vinnumarkaðsráð (hér Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða) með vísan til 6. gr laga nr 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Í bréfi ráðuneytisins er einnig vakin athygli á 15. gr laga nr 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir ríkis og sveitarfélaga.

Formaður gerði tillögu um *Sif Huld Albertsdóttur, varabæjarstjórnarfulltrúa í Ísafjarðarbæ og verkefnastjóra BsVest og Pétur G Markan, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verður varamaður hins.* Tillagan samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.00

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.